

Mánudaginn 28. marzmán.

Nr. 5/1881

Hið opinbera  
gegn

Jóni Ebenezerssyni

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lögreglurétti Ísafjarðarsýslu 29. nóvembermán. 1880, var Jón Ebenezer-  
ersson dæmdur fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt, dags. 16.  
ág. 1879, og á samþykkt, dagsettri sama dag, um hákalla-  
veiðar á opnum skipum, í 50 kr. sekt, er að helmingi  
skyldi renna til hreppsins, en 18 kr. 75 a. skyldu greið-  
ast gæzlunefndinni og 6 kr. 25 a. uppljóstrarmanni. Svo  
er honum og gjört að greiða allan af málinu löglega leið-  
andi kostnað. Dómi þessum hefir eftir ósk hins kærða  
verið skotið til yfirdómsins.

Hinum kærða Jóni Ebenezerssyni er gefið að sök 1) að hann í páskavíkunni (1880) og einhverntíma eftir þann tíma sama vor hafi látið lóðir liggja í sjó næturlangt, 2) að hann einnig hafi látið lóðir liggja í sjó nóttina milli 24. og 25. nóvbr. 1880 hér um bil 12 stundir og 3) að hann sömu nótt hafi skorið niður hákall úti á sjó, er alt sé gegn fyrirmælum ofan nefndra samþykta.

Að því snertir 3. kæruatrúðið, þá virðist hinum kærða ekki gefandi sök á því, þótt hann ekki flytti þar um getinn hákall í land, því það var hvorttveggja, að hákall þessi kom á fiskilóð, er hinn kærði var að vitja um, og að hann því ekki var búinn undir það, að flytja hann með sér, enda var veðrið því til fyrirstöðu, þar sem hann, að sögn hins kærða, sem ekki verður vefengd, var hvass.

Í prófi 3. septbr. f. á. hefir hinn kærði játað, að hann hafi nóttina milli þriðjudags og miðvikudags í páskavík-

unni, eftir því sem séð verður, 1880, látið lóðir liggja í sjó í Bolungarvík næturlangt; í því prófi segir einnig, að hann hafi aftur lagt viku seinna, eins og allir hinir, er voru til róðra þar, og í dómnum er einnig þetta atriði talið honum til áfellis sem brot á móti fiskiveiðasamþykktinni um, að ekki megi láta lóðir liggja í sjó næturlangt á tímabilinu frá vetrarnóttum til sumarmála. En eins og það í prófinu ekki er nefnt, að hinn kærði hafi í það skifti látið lóðir liggja í sjó næturlangt, eins er ekki getið um, hve löngum tíma eftir páska þetta hafi verið og er því engin sönnun fyrir, að það hafi verið fyrir sumarmál. Í prófi 29. nóvbr. f. á. hefir hinn kærði játað, að hann hafi nóttina milli 24. og 25. s. m. látið lóðir sínar liggja í sjó hér um bil 12 tíma og var það, eftir því sem séð verður, frá kl. 10 um kvöldið til kl. 10 f. m. daginn eftir.

Eftir því sem áður er sagt, er lögmæt sönnun fyrir því, að Jón Ebenezersson hafi látið lóðir liggja í sjó næturlangt í páskavíkunni 1880 og nóttina milli 24. og 25. nóvbr. s. á., og getur hann því ekki komist hjá að sæta sekt samkvæmt samþykktinni 4. gr. b. og virðist hún eftir málavöxtum hæfilega metin 20 kr., er eftir lögum 14. desbr, 1877, 7. gr. að hálfu greiðist Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu, en að hálfu gæzlunefndinni þar. Um málskostnað í héraði á dómi lögregluréttarins að vera óraskað. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í héraði skal það tekið fram, að prófunum er mjög svo flaustrað af, að ekki er nefnt í dómnum, hverjum hreppi helmingur sektar skuli greiddur, né hver gæzlunefnd hlut eigi að máli; enn fremur er



enginn terminus executionis ákveðinn í dómnum. Að öðru leyti er málið rekið með tilhlýðilegum hraða.

Við yfirdóminn hefir sókn og vörn í málinu verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði, Jón Ebenezersson, á að greiða 20 kr. sekt, er að helmingi greiðist Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu en að helmingi gæzlunefndinni þar. Um málskostnað í héraði skal lögregluréttardómnum óraskað. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þ. Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Nr. 56/1880.

Þorkell Jónsson  
gegn  
Eggert Waage.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í héraði af Eggert Waage verzlunarmanni í Reykjavík, sem eiganda og umráðamanni jarðarinnar Stórahrauns í Stokkseyrarhreppi gegn Þorkeli Jónssyni, bónda á Óseyrarnesi, sem eiganda að  $\frac{7}{8}$  hlutum úr jörðunni Gamlahrauni í sama hreppi, og er til efnið til málshöfðunarinnar það, að eigendur Gamlahrauns höfðu í sumar, er leið, tekið til sín tvö tré, sem rekið höfðu fyrir Gamlahrauns landi, og fénytt sér þau; en eigendur Stórahrauns álíta sig vera eigendur að öllum